

Upplýsingaöryggisstefna Félagsbústaða

Stefna Félagsbústaða er að gætt sé í hvívetna fyllsta öryggis í meðferð gagna í eigu fyrirtækisins og að gögnin séu rétt og áreiðanleg.

- Stjórnkerfi upplýsingaöryggis Félagsbústaða nær til innri starfsemi fyrirtækisins, allrar þjónustu sem fyrirtækið veitir og til samstarfsaðila.
- Félagsbústaðir munu vernda gögn fyrirtækisins gegn hverskonar skaða eða ógn, af tæknilegum eða mannlegum orsökum, viljandi eða óviljandi. Félagsbústaðir munu leitast við að fyrirbyggja skaða á gögnum og endurheimta þau með öruggum hætti komi til skaða. Einnig skal tryggt að dagleg starfsemi og þjónusta fyrirtækisins truflist ekki ef atvik koma upp þar sem upplýsingaöryggi er ógnað.
- Félagsbústaðir munu ávallt nýta fremstu tækni og aðferðir í upplýsingatækni sem völ er á hverju sinni til að framfylgja stefnu sinni í upplýsingaöryggi.
- Félagsbústaðir skulu fræða starfsfólk fyrirtækisins um ábyrgð þeirra í upplýsingaöryggi og tryggja nauðsynlega þekkingu þeirra á upplýsingakerfum svo unnt sé að framfylgja stefnunni.
- Félagsbústaðir tryggja að aðgangur starfsmanna og annarra aðila sem starfs síns vegna nota gögn í eigu félagsins sé rekjanlegur.
- Félagsbústaðir skulu tryggja að gögn fyrirtækisins séu rétt og hafi ferla til að sannreyna réttleika og leiðréttu villur.
- Framkvæmdastjóri sér til þess að upplýsingaöryggisstefnu þessari sé fylgt.

Stefnan er til endurskoðunar að sex mánuðum liðnum.

Samþykkt á fundi stjórnar Félagsbústaða 21. nóvember 2018



Sigrún Árnadóttir, framkvæmdastjóri